



Velferðar- og mannréttindaráð
b.t. Bjargar Baldursdóttur formanns

Kópavogi, 2.febrúar 2026
Málsnr. 2401489/PK

Varðar: Breytingar á upphæðum grunnfjárhæðar í reglum um fjárhagsaðstoð í Kópavogi skr. 10. gr. og breyting á gr. 7 í sömu reglum varðandi það að umsækjandi sanni á sér deili.

Gildandi reglur um fjárhagsaðstoð voru samþykktar í bæjarráði 28. nóvember 2024 og þann 10. desember 2024. Reglurnar tóku gildi sama dag og við gildistöku féllu eldri reglur um fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ úr gildi.

Í 7.gr. reglna um fjárhagsaðstoð í Kópavogi er fjallað um umsókn og fylgigögn. Lagt er til að það verði sett inn ein setning þar sem það kemur fram að heimilt sé að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Rökin fyrir þessari breytingu er sú að borið hefur á því að umsækjendur um fjárhagsaðstoð til framfærslu hafa verið að sækja um án þess að dvelja á landinu og verið að villa á sér heimildir. Málsgreinin myndi þá hljóða á eftirfarandi hátt ef af breytingu verður;

„Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi sanni á sér deili í eigin persónu og framvísi gildu persónuskilríki. Bregðist umsækjandi ekki við kröfu um að sanna á sér deili er heimilt að stöðva afgreiðslu umsóknar og/eða greiðslu fjárhagsaðstoðar til framfærslu“. Sjá fylgiskjal 1.

Um síðustu áramót voru gerðar breytingar á upphæðum grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar og voru þær uppreiknaðar þann 1. janúar 2026. Er þetta í samræmi við það sem kemur fram í reglum um fjárhagsaðstoð í Kópavogi þar sem segir;

„Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar tekur mið af neysluvísitölu til verðtryggingar og skal breytt 1. janúar ár hvert, í samræmi við hana“. Sjá fylgiskjal 1.

Í töflu 1 hér fyrir neðan má sjá breytingu á upphæðum til hækkunar



Staða	10. gr.	Fjárhæð 2025	Fjárhæð 2026
Einstaklingur	Eigið húsnæði/leigir með þinglýstan leigusamning	257,761	267,305
	Byr með öðrum, leigir án húsaleigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði	206,209	213,844
	Byr hjá foreldri/um með forsjá barns	157,657	160,383
	Byr hjá foreldri/um	103,104	106,922
	Dvöl á sjúkrastofnun eða í áfengis- eða vímuefnaöferð	77,328	80,191
Hjón/sambúðarfólk	Eigið húsnæði eða þinglýstur leigusamningur	412,418	427,688
	Leigja án þinglýsts samnings	329,934	342,150

Talfa 1

Lagt er til að umræddar breytingar í reglum um fjárhagsaðstoð verði samþykktar.

Virðingarfyllst,

Póra Kemp
Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafar

Fylgiskjöl;
Reglur um fjárhagsaðstoð frá Kópavogi með breytingartillögum.